



Samfélagið þarf að standa vörð um fæðingapjónustuna

Erla Rún Sigurjónsdóttir, ljósmóðir

„Ljósmæðraskortur er ekki að fara að standa fæðingadeildinni fyrir þrifum. En ég hef áhyggjur af öðrum þáttum. Mér finnst svo mikilvægt að konur hérna njóti fæðingapjónustu, hún er grunnheilbrigðisþjónusta og mér finnst mikilvægt að hún sé í boði um allt land, sem hún er alls ekki. Það virðist vera stefna stjórnvalda að fækka fæðingastöðum á landinu sem mest og það er búið að skera niður jafnt og þétt á undanförunum árum. Og oft er skuldinni skellt á það að það fái ekki starfsfólk og eitthvað slíkt en það er verið að klípa af hinu og þessu í smáskömmtum, þangað til að það er ekki lengur stuðningur utan um kerfið.“

— sjá bls. 6–10



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 1. september 2016 · 32. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Áð í Holtsfjöru í kvennareid. Mynd. Sólrún Ósk Jónínudóttir.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG

SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG

SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG

SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG

SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*

Stórbóndinn í Botni býður til veislu



Karلاكórinn tók að sjálfsgöðu nokkur lög.



Húsfúin Helga Guðný frá Bakkárholti í Ölfusi ásamt afmælisbarninu Birni Birkissyni.



Þessar hlustuðu með andakt á karلاكórinn syngja afmælis-sönginn.

Óska eftir berjum



Kaupi aðalbláber, bláber, krækiber ofl. gotturí úr náttúrunni. Uppl. í síma 695 1008, eða snorri@reykjavikdistillery.is

Fjárhúsin í Botni í Súganda-firði voru dubbuð upp á helginni og gestum boðið til veislu, til-efnið var að bóndinn á bænum hafði náð þeim merka áfanga í byrjun júlí í sumar að verða sextugur. Dýrindis kjetsúpa á nútímalegum hlóðum var í boði og hnallþórnur sem göldruðust uppúr jötunni á ævintýralegum hraða. Þau eru vinamörg og vinsæl, hjónakornin í Botni og fyllt-ist fjárhúsið af tvífatlingum sem fögnuðu með afmælisbarninu.



Hafdís Gunnarsdóttir

– Sjónarmið –

Aldrei fór ég norður

Hugtakið úti á landi getur bæði verið ógurlega krúttlegt í huga fólks en jafnframt eins og versta klúryrði. Þegar fólk talar um að fara í sæta sumarhúsið sitt úti á landi, fallega einbýlis-húsið sem staðsett er á besta staði í miðbæ Patreksfjarðar þá er hugtakið ógurlega krúttlegt. En þegar umræðuefnið snýst um að hafa stofnun eða þjónustu á vegum ríkisins staðsetta úti á landi verða margir eins og andsettir og hreinlega tjúllast.

Gott dæmi er lögreglunámið sem loksins er komið á háskóla-stig, sem valdið hefur talsverðu fjaðrafoki. Höfum eitt á hreinu áður en við höldum lengra. Það er ekki verið að færa námið frá höfuðborgarsvæðinu og út á land, því námið er nýtt af nálinni. Lögregluskólinn hefur verið lagður niður og ákveðið var að nýja háskólanámið yrði kennt í Háskólanum á Akur-

eyri. Auðvitað hefði það verið mikil búbot fyrir NV-kjördæmi að fá námið kennt í Háskólanum á Bifröst, en það er mikið fagnadarefni að námið verði kennt á Akureyri. Úti á landi! Það sýnir að enn eru til stjórnmálamenn með einhverja byggðahugsjón. Háskólinn á Akureyri kennir háskólanám m.a. í fjarnámi og get ég vottað að það gerir skólinn með sóma. Háskóli Íslands gæti lært ýmislegt af bæði Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Bifröst, þegar kemur að fjarnámi en það er efni í aðra grein.

Það fögnuðu samt ekki allir þessari ákvörðun menntamálaráðherra. Ónei, svo aldeilis ekki. Ein af þeim var þingmaðurinn Valgerður Bjarnadóttir sem vildi fá námið kennt í Háskóla Íslands. Af því að mesta þörfin fyrir lögreglumenn er á suðvesturhorninu og þar byggju flestir sem vildu fara í námið. Hún spáði því að

það kæmi aðeins ein umsókn til Háskólans á Akureyri um nám í lögreglufræðum. Hér er hins vegar staðan eins og hún er í dag: Rúmlega áttatíu manns hafa sótt um námið. Þó það sé kennt úti á landi! Ekki nóg með það heldur er vissulega þörf fyrir lögreglumenn úti á landi líka. Af hverju talar fólk með þessum hætti sem Valgerður gerir? Er ekki rétt að gera kröfur til hennar sem alþingismanns um að sjá heildarmyndina? Stundum hef ég það á tilfinningunni að byggðapróun sé bara eitt af þessum krúttlegu orðum sem notuð eru við hátíðleg tilefni, en svo er engin meaning á bak við það. Málið snýst um að halda landinu í byggð eða einblína á suðvesturhornið.

Ef ekki er hægt að staðsetja nýtt háskólanám á landsbyggðinni þá getum við aldrei staðsett neitt frá ríkinu úti á landi. Og ef það er virkilega stefnan þá vil ég

frekar að fólk sé heiðarlegt og segi það. Þá getum við alveg eins lokað Reykjavíkflugvelli. Vá, þá yrðu nú sumir ánægðir. Þessari anti-byggðarhugsjón fólks þarf að breyta. Það er heldur engin lausn á byggðavandanum að dreifa byggðakvóta, eins og oft er lagt til. Við þurfum störf við hæfi svo menntað fólk sjái hag sinn í að snúa aftur heim.

Í dag er að byggjast upp öflug atvinnugrein á Vestfjörðum, laxeldið, sem mun hafa mikil áhrif á byggðapróun á svæðinu. Mörg tækifæri munu skapast, ekki bara við eldið og vinnslu á laxi, heldur alls kyns tengdar atvinnugreinar og þjónusta við starfsemina. Mikilvægt er í fjórðungnum að sú þjónusta byggist upp í nálægð við starfsemina, enda mikið af eftirsóknarverðum störfum sem hún kallar á. Eitt öflugasta eldisfyrirtækið, Arnarlax, hefur t.d.

sett sér starfsmannastefnu um að allir starfsmenn séu búsettir á svæðinu og greiði skatta og skyldur til nærsamfélagsins. Þetta er grundvallaratriði, en ef til vill er Valgerður sannfærð um að betra sé að staðsetja stjórnunarstörf á suðvesturhorninu, og að flókin eftirlitsiðnaður hins opinbera sé einmitt staðsettur þar?

En þetta er ekki náttúrulegt mál og til að þessi uppbygging hafi jákvæð áhrif á byggðapróun Vestfjarða, sem hefur átt undir högg að sækja undanfarna áratugi, þurfa stjórnunarstörf að leggja til á svæðinu. Hið opinbera á síðan að byggja upp stuðningsgreinar og eftirlit og gefa þannig ungu fólki sem hefur lokið við háskólanám tækifæri til að sækja framtíðarstarf á heimaslóðum.

Hafdís Gunnarsdóttir



Allt fyrir reksturinn hjá N1

Líttu við á þjónustustöð N1 á Ísafirði. Mikið úrval af ýmiss konar rekstrarvörum og hreinlætisvörum af öllum toga. Hreinsiefni, áhöld, hlífðarbúnaður, einnota vörur og margt fleira.



Netahnífur

8 cm netahnífur frá Giesser.



Snyrti-/úrbeiningarhnífur

13 cm úrbeiningarhnífur frá Giesser



Flatningshnífur

10 cm flatningshnífur frá Giesser.



Netkarfa

44L net-/fiskikarfa.



Gólfskafa

60 cm heilsteypt gólfskafa til í ýmsum litum.



Álskaft

Til í ýmsum litum.



Skófla

117 cm skófla með D gripi, til í ýmsum litum.



Gólfkústur

Stífur 45,7 cm gólfkústur.



Tork klósettpappír

Mjúkur tveggja laga klósettpappír, 28 m á rúllu.



Tork þurrkupappír

Endurnýtanlegur Wiping Plus pappír fyrir olíu og aðra vökva.



Tork handþurka

Universal Mini handþurka, 120 m á rúllu.



Tork handþurrkuarkir

Advanced Interfold pappír 21x25 cm.

Gólfþurrkur • Handsápur • Þvottaduft • Uppþvottaefni • Sótthreinsiefni • Pappírs og handsápu box
Rúðu og afþurrkunarvökvar • Þrifaáhöld • burstar • sköfur • tuskur • sköft • Einnota hanskar
Hárnet • Einnota kaffimál • Einnota svuntur • Rafhlöður

Þjónustustöð N1 Ísafirði

Hafnarstræti 21

Tengiliður: Gunnar Sigurðsson, sími 456 3574

Hluti af starfseminni





Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Lítróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Gaman saman

Nú er þetta óhemju fallega sumar á lokaskrefunum, það dimmir á kvöldin og kertaljósin fara loks að njóta sín. Menningarvitar Vestfjarða, eins og aðrir vitar, skína skært allt árið um kring og vísa okkur leið og auðga líf okkar allra. Á liðinni helgi mættu tveir óskilahundar og skemmtu á Edinborg og á Núpi og á Flateyri var haldin Gamanmyndahátíð, í Rögnavaldarsal í vikunni tók Sólveig Edda Vilhjálmsdóttir niður myndlistasýningu sína en í Safnahúsinu opnaði sýningin Endurbókun. Án listar væri tilveran bæði litlaus og leiðinleg.

Blaðið í dag er uppfyllt af skoðunum, allskonar skoðunum og þannig verður það áfram, að minnsta kosti fram að kosningum sem líklegast verða haldnar þann 29. október. Stjórnmal og skoðanir eru okkur jafn lífsnauðsynleg og listin þó ekki þurfi að hafa skoðanir á öllum hlutum. En það er okkar samfélagslega skylda að setja okkur inn í þau mál sem skipta okkur miklu, hvernig við viljum hafa samfélagið og það er atkvæðið okkar sem skiptir máli. Hvernig við skiptum gæðum lands og sjávar og hvernig og hvort við hjálpum þeim sem hjálpar eru þurfi, hvernig við viljum að líf skjör okkar séu og yfirhöfuð hvernig við lifum af á harðbýlu landi. Sumir vilja ekki skoða liðna tíð en við verðum að læra af mistökum okkar. Er samræmi milli orðs og æðis hjá þeim sem vilja vera fulltrúar eða hafa verið fulltrúar okkar á alþingi? Er mark takandi á orðum manna? Án stjórnmalamanna væri þjóðfélagið kaos og spilling enn meiri.

Það er af sem áður var þegar það var bara Morgunblaðið og Ríkisútvarpið sem fluttu okkur fréttir af viðburðum dagsins, nú er engu hægt að leyna og ekkert hægt að fela, internetið veit allt og gleymir engu. Það sem þú sagðir eða skrifaðir er alltaf hægt að finna aftur og engu hægt að neita, smátt og smátt læra stjórnmalamenn þetta og skilja að þeir verða að standa við orð sín. Það er hlutverk fjölmiðla að halda þessu öllu til haga og flytja fréttir en kjósendur standa sína plikt með greiddu atkvæði.

Fylgjumst með.

BS

Spurning vikunnar

Ferðu til berja?

Alls svöruðu 383.

Já, sögðu 247 eða 64%

Nei, sögðu 136 eða 36%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Leiðrétting á rangfærslum Péturs Markan sveitarstjóra Súðavíkurhrepps



Pétur Markan sveitarstjóri segir í viðtali í Bæjarins besta að við, eigendur Laugardalsár höfum ekki mótmælt áformum um laxeldi, hið rétta er að við höfum mótmælt því eins kröftuglega og við höfum getað á þeim vettvangi sem okkur er settur. Eins hefur Landsamband Veidifélaga mótmælt kröftuglega fyrir hönd veidirettareigna. Við viljum ekki laxeldi í sjó því við vitum að lax mun sleppa og sá lax mun leita upp í ár og eyðileggja þær, með óafturkræfum skaða fyrir lífríkið í ánum. Þegar Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun lögðust ekki gegn því að leyfa eldi í Patreks- og Tálknafirði þá segir í matsskýrslunni „að eldissvæðin séu í 100 km fjarlægð frá næstu laxveiðiá í Ísafjarðardjúpi og á Snæfellsnesi“ en nú á að vera með eldissvæðin við áróšana í Djúpinu.

Pétur Markan leggur áherslu á að þessi uppbygging sé gerð í sátt, enda fari ferðaþjónustan og laxeldi vel saman að hans mati. Hvað er þá að því að laxeldi sé í Jökulfjörðum (ekki að ég sé hlynntur því). Nei, þá segir hann að það þurfi að fara í „mjög grúndigt samræðu við aðrar atvinnugreinar“. Aldrei hefur hann talað við eigendur Laugardalsár, kannski lítur sveitarstjóri ekki á sölu stangveiðileyfa sem

atvinnugrein í ferðaþjónustu. Báðir þessir staðir sem um ræðir eru í Ísafjarðardjúpi. Annar á að fá „grúndigt“ samræðu, hinn þarf greinilega ekkert að tala um. Ekki nóg með það, heldur heldur hann því blákalt fram að við eigendur Laugardalsár séum sammála þessum laxeldisáformum.

Pétur Markan segir: „Súðavíkurhreppur er til dæmis eigandi að laxveiðiá í Djúpinu, Ísafjarðaránni, og við höfum veitt mjög jákvæðar umsagnir“. Á hvaða forsendum er það? Ég dreg það í efa að núverandi leigutaki, Stangveiðifélag Ísafjarðar kæri sig um að leigja hana sé hún full af eldislaxi. Ég vil einnig benda Pétri á að Súðavíkurhreppur er minnihlutaeigandi í Ísafjarðará og aðrir eigendur hafa ekki verið spurðir álits né hafa beðið hann um að vera talsmann sinn.

Pétur Markan segir „Það sem ég legg áherslu á og hef skrifað um, er að þessi uppbygging verði gerð í samtali milli hagsmunaaðila. Það sem hefur gerst í Djúpinu er að það hefur verið í sátt við ferðaþjónustuna“ og „Þessu höfum við náð í Djúpinu, enda hefur ferðaþjónustan alla jafna ekki skilað neikvæðum umsögnum um eldi í Djúpinu, því menn hafa rætt sig saman á niðurstöðu“. Við hvern hef-

ur hann talað og til hvaða funda hefur verið boðað til að ferðaþjónustuaðilar gætu sagt hug sinn? Engan! Ég talaði við ferðaþjónustuaðila og þeir kannast ekki við neitt samtal. Pétur er tíðrætt um að aðilar þurfi að vinna og tala saman til að ná niðurstöðu. Aldrei hefur honum þó þótt ástæða til að ræða við eigendur Laugardalsár. Mér sýnist að Pétri Markan sé sannleikurinn það kær að hann láti hann ekki óbrennlaðan frá sér.

Gísli H. Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir orðrétt „í einhverjum efnun verður minni hagsmunum fórn að fyrir meiri“. Mér finnst það ærlegt af honum að segja sannleikann. Því ef laxeldi yrði leyft í Djúpinu þá er laxveiðiánum fórn að.

Í Noregi spáir prófessor Trygve T. Poppe því að innan 5 ára verði allar laxveiðar þar í landi úr sögunni með sama áframhaldi. Laxeldisfyrirtæki eru ekki með neinar tryggingar sem bæta skaða á lífríkinu og hafa í engu bætt þann skaða sem þau hafa valdið á norsku lífríki.

Ég er Vestfirðingur og ber hag Vestfjarða fyrir brjósti sama hvar ég dvel, finnum farveg til atvinnusköpunar án þess að fórna því sem fyrir er.

Gardar Smári Vestfjörð frá Laugarbóli, Súðavíkurhreppi



BLÁBERJADAGAR Í SÚÐAVÍK 1.-4. SEPT.

facebook.com/blaberjadagar

DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR:

17:00 - 20:00

Kofraganga með Barða Ingibjartssyni.

Komið saman í Kaupfélaginu.

18:00 - 19:00

Pizzu- og hamborgaraveisla á Jóni Indíafara.

19:00 - 20:00

Krakkaball í Samkomuhúsinu.

21:00 - 23:00

Tónlistarkvöld á Jóni Indíafara.

„Meet and greet“ með tónlistamönnum.

FÖSTUDAGUR:

18:00 - 19:00

Tælenskt hlaðborð á Jóni Indíafara.

„Meet and greet“ með tónlistamönnum.

20:00 - 01:00

Tónleikar í Samkomuhúsinu.

LAUGARDAGUR:

10:00 - 12:00

Franskur morgun í Kaupfélaginu.

Kaffi, nýbökðuð frönsk horn og Jacques Brel á fóninum.

10:00 - 14:00

Geislafljör á fótboltavellinum - óvænt geislagleði!

14:00 - 16:00

Refafjör á Melrakkasetrinu

Pizzu eða pulsuveisla, andlitsmálning, Bláberjakökukeppni og tónlistaratriði. „Meet and greet“ með tónlistamönnum.

17:00 - 18:00

Formleg útgáfa Sögu Súðavíkurhrepps

Þar sem land og haf haldast í hendur.

Samkomuhúsinu í Súðavík. Kaffi og meðlæti.

18:00 - 19:00

Tónlist og matarveisla á Ömmu Habbý.

„Meet and greet“ með tónlistamönnum.

20:00 - 21:00

Brenna og söngur í brekkunni fyrir framan Súðavíkurskóla.

Bolvíska hetjan Benni Sig leiðir tónlist og söng.

21:00 - 23:30

Tónleikar í Samkomuhúsinu.

24:00 - 03:00

Bláberjaball með hljómsveitinni Reason í Samkomuhúsinu.

SUNNUDAGUR:

14:00 - 15:00

Messa í Súðavíkirkirkju.

Á eftir kirkjukaffi á Jóni Indíafara.

Allar aðrar upplýsingar á

facebook.com/blaberjadagar

fylgist með okkur fésbókinni



Verið velkomin á Bláberjadaga í Súðavík!

Samfélagið þarf að standa vörð um fæðingaþjónustuna



Erla Rún Sigurjónsdóttir
Ljós móðir

Erla Rún Sigurjónsdóttir er ljós móðir og starfar sem slík við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði. Hún flutti til Ísafjarðar með eiginmanni sínum, Þorvarði Benediktssyni, Dodda, fyrir sex árum. „Það er eiginlega hálf undarlegt, ég er allsstaðar að af landinu, nema að vestan. Þegar ég var nýflutt hingað til Ísafjarðar var ég stundum spurð að því hvort ég væri að vestan, eða hreinlega „hvaðan ertu að vestan, þú hlýtur að vera einhvern veginn að vestan!“ Fólki þótti rosalega gott að geta tengt mig hingað þegar það vissi að maðurinn minn er héðan. Ekki það, að það var rosalega vel tekið á móti mér á Ísafirði, fólk tekur rosalega vel á móti nýju fólki hér. Mér fannst það æðislegt. En það var ennþá ánægðara að geta tengt mig við Dodda.“

„Ég er alin upp í Hafnarfirði, mamma er sem sagt Gaflari. Pabbi er Mýrdælingur. Þau skildu

þegar ég var þriggja ára. Mamma heitir Anna Birna Ragnarsdóttir og er hjúkrunarfræðingur og pabbi heitir Sigurjón Mýrdal og er rafmagnsverkfræðingur að mennt. Þegar ég var um tíu ára gömul þá flutti hann í Mýrdal og tók þar við búinu af móður sinni og stjúpforeldrum sem voru með blandað kúa- og fjárbú. Hann var með það í nokkur ár þangað til að hann sá að þetta var kannski ekki alveg fyrir hann. Ég var oft í sveit hjá ömmu og afa á sumrin og síðan hjá pabba náttúrulega þannig að ég tengi svolítið á báða staðina, Hafnafjörð og Mýrdal. Ég er ekkert rosalega mikið borgar barn svo að það hentaði mér fínt að flytja einmitt út á land og ætlaði alltaf að gera það. Svo kynntist ég Dodda mínum sem er alinn upp í Vesturbænum þó hann sé að vestan,“ segir Erla. Doddi er sonur Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur og Benedikts Jónassonar. Amma og afi Dodda búa hér

enn, þau Jónas Björnsson (sem áður rak Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar) og Sigurborg (Obba) Benediktsdóttir. Þrátt fyrir tengsl Dodda hingað vestur var það Erla Rún sem vildi flytja hingað. Hann ólst upp hjá Ólínu og Sigurði Péturssyni eiginmanni hennar, að mestu í Vesturbænum. „Það var ég sem ákvað að fara vestur, ekki hann,“ segir hún og hlær.

„Ég útskrifast 2009 úr ljósmóðurfræði, rétt eftir hrun en fyrsta árið þarna eftir hrun var erfitt fyrir ljósmæður að fá vinnu, mjög erfitt. Eiginlega engin af mínum útskriftarárgangi gekk inn í ljósmóðurstarf strax eftir útskrift, allavega ekki fasta vinnu. Þó fengum við flestar vinnu við afleysingar sumarið eftir útskrift, en það sumar var ég á fæðingadeild Landspítalans. Þá var ég orðin barnshafandi í annað sinn og fát um fína drætti hvað varðaði vinnu en ég var svo heppin að fá afleysingavinnu

á Selfossi í töluverðan tíma á meðgöngunni, og ári seinna er auglýst eftir ljósmóður hérna.“

Erla Rún byrjaði að nema hjúkrunarfræði árið 1999 og útskrifast úr því árið 2003. Áður en hún hélt áfram í ljósmóðurfræði eignaðist hún sitt fyrsta barn, Daða Hrafn sem nú er 11 ára. Hún fer síðan í ljósmóðurfræðina árið 2007 og útskrifast 2009.

Hvað kom til að þú fórst í þetta nám, af hverju ljósmóðir?

„Ég hafði alltaf ætlað að verða ljósmóðir. Nei ég segi það nú ekki alveg, ætlaði að verða ýmislegt þegar ég var krakki, bóndi og dýralæknir aðallega. En á menntaskólaárunum þá datt fókusinn á þetta. Tengingin við þetta náttúrulega. Kannski kom þetta bara úr sveitinni, maður var þarna í sauðburði og í kringum skepnur og þetta er einhvern veginn bara kraftaverk, kraftaverk náttúrunnar. Það er

það sem heillaði. Plús það að þegar ég fór aðeins að hugsa hvernig starfsvettvangur vil ég velja þá spilaði inn í að ég er mikil félagsvera og hef gaman af samskiptum við annað fólk. Fólk heldur oft að ég hafi farið í ljósmóðurfræði af því ég er svo hrifin af börnum en það er ekki málið. Maður hefur svo mikil samskipti við konurnar og makana, en börnin, þau svona fylgja með. Konurnar eru þær sem eru mínir meginskjólstæðingar þó barnið sé markmiðið og tilgangurinn með þessu öllu saman. En minn fókus er á samskiptin við konurnar, aðallega. Og það er rosalega gefandi.“

Hvað er það við tenginguna við konurnar sem er svona heillandi?

„Ég veit það ekki. Það er svo rosalega gott að geta stutt konu sem þarf á því að halda en líka bara gaman að horfa á konu þroskast inn í þetta hlutverk, sérstaklega konur með fyrsta

barn. Það er svo gaman að fá að vera þátttakandi í einhverju sem er svo persónulegt, einhverju sem er svo stór fjölskylduviðburður í lífi fólks.“

Erla Rún og Doddi eiga þrjú börn saman. Daða Hrafn sem er 11 ára og fæddur á fæðingadeild Hreiðursins í Reykjavík sem þá var starfrækt, Jökul Örn sem er 6 ára sem fæddist heima og Sædís Ylfa sem er fædd á sjúkrahúsinu á Ísafirði árið 2013. „Hún er eini innfæddi Ísfirðingurinn minn,“ segir hún og brosir.

Hver er mesta áskorunin í þínu starfi sem ljósmóðir?

„Það eru margar áskoranir í starfinu. Mér finnst erfiðast ef það, eins og einstaka sinnum gerist, eru alvarleg atvik í fæðingum, sérstaklega þegar maður er hér fyrir vestan þar sem færri hendur eru en á stórrí fæðingadeild, en í þau örfáu skipti sem það hefur gerst þá hefur samvinnan gengið vel. Mesta áskorunin fyrir mig er þá að leiða konuna í gegnum fæðingarferlið eða að hún uppgötví sína leið í gengum það. Það er frábærast þegar konur fæða þannig að þær hafa fundið sinn eigin styrk og ég þarf ekki að hjálpa þeim. Þegar konur koma fullar af trú á sjálfa sig og það að fæðing sé eðlilegt ferli þá gengur það best, burtséð frá því í raun og veru hversu vel líkamlega konan er undirbúin, þó það hjálpi alltaf.

Þegar þessi trú er til staðar hjálpar það konunni andlega. Ef konan kemur slök inn til fæðingar hefur það áhrif á hormóna, af því að líkami og sál eru samtengd, það hefur áhrif á fæðinguna sjálfa, ekki bara sem eitthvað placibo heldur af því að svona virkar líkaminn og hugurinn saman. Kona sem er hrædd á frekar á hættu að fæðing dragist á langinn og blæðir frekar eftir hana því adrenalíníð fer á fullt í kroppnum og það sest á viðtakana sem draga saman legið og þá kemur ekki samdráttur. Það er þetta sem maður er eiginlega alltaf að fast við, að konan sé vel stemmd og líði vel og fæðingin sé valdeflandi, það er það sem maður vill stefna að, að minnsta kosti. Og mesti sigurinn er að fá konu með erfiða fæðingarreynslu og snúa því yfir í jákvæða reynslu. Það er mesti kraftur sem maður getur gefið konu í gegnum þetta.“

Eftir fæðingu fylgir þú þeim eftir ekki satt?

„Jú, þetta er svolítið öðruvísi á Ísafirði heldur en fyrir sunnan. Þar liggja bara veikustu konurnar sængurlegu á sjúkrahúsi en flestar fara heim innan sólarhrings og fá heimaþjónustu eftir fæðingu. Þá er maður að taka heimaþjónustu á samningi við sjúkratryggingar og þá fara ljósmæður heim til kvennanna í nokkur skipti sem hefur reynd-



ar farið sífækkandi frá því að kerfinu var upphaflega komið á, en eru núna 5–7 skipti eftir því hvernig konan og barnið flokkast í ákveðna hópa. Þessi þjónusta er veitt á fyrstu 10 dögum eftir fæðingu, og flestar ljósmæður gera þetta með annarri vinnu. Svo tekur ungbarnaverndin við. Ég hins vegar sinni heimaþjónustu eftir fæðingu á mínum dagvinnutíma á sjúkrahúsinu í fjórar vikur eins oft og móðir og barn þurfa á að halda og þá rennur það saman við ungbarnaverndina. Konum stendur til boða að fara heim strax á fyrsta sólarhring eftir fæðingu og þá vitja ég þeirra heim. En ef þær vilja liggja inni lengur þá geta þær það, og þær gera það alveg, flestar töluvert lengur en fyrir sunnan, og það er oftast friður og ró á fæðingardeildinni. Þær fá að ráða ferðinni nánast alveg sjálfar, sem er eins og það á í raun og veru að vera að mínu mati. Kerfið á ekki fæðinguna, konan á hana. Maður vill geta stutt hana eins og henni hentar.

Það er alltaf rosalega gaman þegar ég næ góðri tenginu við konurnar og fæ að sinna þeim líka aftur með næsta barn. Það er mjög gaman þegar maður býr hér að maður missir ekki sjónar

af konunum, þú sérð þær með barnavagninn úti á götu og ég er kannski uppþrengjandi alveg að fá að kíkja ofan í hann. Mjög gaman að sjá börnin sem ég hef tekið á móti eldast. Og líka að taka á móti hjá systurum eða konum sem eru að koma aftur, ég hef reyndar ekki náð þremur börnum í röð, enþá að minnsta kosti.“

Nú hefur oft verið talað um að ljósmæðranám sé frekar langt nám. Hversu langt er það og ertu sammála því að það sé of langt?

„Maður byrjar á fjögurra ára hjúkrunarfræðinámi og fer síðan í tveggja ára ljóðsmæðranám, sem endar með kandidatsprófi. En það er síðan hægt að taka meistaranám ofan á það og jafnvel doktorsnám að auki eins og Berglind Hálfánardóttir var t.d. að klára núna í vor.“ Þess má geta að Berglind hefur búið í Reykjavík frá barnsaldri en á æskuslóðir á Ísafirði. Hún er dóttir Hálfðans Ingólfssonar flugmanns og Laufeyjar Waage tónlistarkennara, og gift Páli Einarssyni sálfræðingi, hennar Elínar í Tónlistarskólanum á Ísafirði. Já, og hún er líka systir hans Hálfðans Bjarka upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar. Svona fyrir þá sem þyrstir í að tengja.

Erla Rún sér ekki eftir árunum sex sem fóru í námið. „Mér finnst fínt að hafa farið í öldrunarhjúkrun og allskonar áfanga sem ég er kannski ekki að nýta neitt í dag, af því að mér finnst ekkert leiðinlegt að vera í skóla og allt nám gefur þekkingu sem þroskar mann. Svo er aldrei að vita nema þetta komi sér vel síðar. En ég held að það væri samt praktískara að hafa, eins og stundum hefur verið rætt, þriggja ára sameiginlegan grunn og skipta náminu svo upp í hjúkrunarfræði annars vegar og ljósmóðurfræði hins vegar. Þetta yrði þá fimm ára nám í stað sex ára. En það hefur ekki verið gert enþá. Ég held að það yrði sniðugt, og jafnvel þannig að grunnám í ljósmóðurfræði teljist til meistaranáms. En það eru kannski skiptar skoðanir um það.“

Hvað með karlana, af hverju sækja þeir ekki í ljósmæðrastarfið? Er ekki bara einn karl sem hefur verið í þessu starfi?

„Jú það eru til einhverjar heimildir um það – mig minnir að það hafi verið á 18. öld. En það væri mjög gaman að fá karlmenn inn í fagið. Ég er viss um að ljósmæður almennt eru alls ekki mótfallnar því að karlar



verði ljósmæður. En stundum sér maður það með læknanemana á fæðingagangi að konur hleypa kvenkyns læknanemum miklu frekar að sér heldur en karlkyns læknanemum. Karlmennt myndu örugglega ganga pínulítið á vegg

með skjólstaðinga, allavega namar. En ég held að ef karlmaður væri góð ljósmóðir þá myndi það spyrjast út. Stundum þarf bara samfélagið að fá smá tíma til að aðlagast breytingum. Eins og með karlmenn í hjúkrun, þeir

geta verið frábærir hjúkrunarfræðingar.“

Eru einhverjar stakar sögur sem þú mátt deila með okkur, eða eitthvað sem stendur meira upp úr heldur en annað?

„Það að hafa góða persónulega tengingu er eiginlega það sem stendur upp úr frekar en einhverjar stakar sögur. Jú, ég var reyndar föðmuð og kysst á flugvelli úti í Þýskalandi um daginn af manni sem ég áttaði mig ekki á fyrst en þá hafði ég tekið á móti barninu hans þegar ég var bara nýútskrifuð. Svona finnst mér rosa gaman! Þekkti hann ekki fyrst en svo mundi ég eftir honum.“

Hvað með tenginguna við makann? Og er mikið um það að fólk sé ekki bara með makann með sér á fæðingarstofunni heldur kannski líka systur og móður eða jafnvel fleiri?

„Það er bara eins misjafnt og fólk er margt, sumum næ ég betur til en annarra. Ég tengist yfirleitt konunni meira en mér finnst mjög mikilvægt að hafa makann með í umönnun og fræðslu því fjölskyldan er ein heild. Held samt að við ljósmæður gætum alveg bætt okkur á því sviði, því þarfir maka eru oft ekki eins sýnilegar.

Varðandi þá sem konar velur að hafa með sér í fæðingu þá er reyndar búið að setja höft á það á Landspítalanum sem mér finnst vera slæm þróun af því að það er

konan sem veit best hvert hún sækir sinn styrk. Það er algengt að konur vilji hafa með sér kvenkyns ættingja í fæðingu auk maka eða jafnvel doulu (fæðingarþjálf). Og ég hef einmitt verið með konu sem var með doulu í fæðingunni hjá sér og það var bara rosalega gott. Þvert á það sem margir halda þá er það

engin ógn við ljósmóðurstarfið þó þeirra vinna fari svolítið inn á okkar svið, mér fannst bara auðveldara að vera tvær. Margar hendur vinna létt verk. En þetta með fjöldatakmörkunum þá skil ég að vissu leyti hvers vegna þær reglur voru settar. Það kemur náttúrulega allskonar fólk við á fæðingadeildum og stundum



AFMÆLIS ÚTSALA



Bjóðum í sannkallaða útsöluveislu í tilefni 60 ára afmælis Húsasmiðjunnar

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

- Flísar **20-40%** afsláttur
 - Pottaplöntur **20-50%** afsláttur
 - Handverkfæri **20- 30%** afsláttur
 - Gjafavara Blómaaval **20-50%** afsláttur
 - Verkfæratöskur **20-50%** afsláttur
 - Ljós **25%** afsláttur
 - Kerti **20%** afsláttur
 - Gæludýravörur **20%** afsláttur
 - Stanley verkfæri **20%** afsláttur
 - Black & Decker rafmagnsverkfæri **25%** afsláttur
 - Hitachi rafmagnsverkfæri **20%** afsláttur
 - DeWalt rafmagnsverkfæri **20%** afsláttur
 - Álstigir og -tröppur **20%** afsláttur
 - Garðverkfæri **30%** afsláttur
 - Ryksugur **20%** afsláttur
 - Plastkassar **30%** afsláttur
 - Garðálfar **50%** afsláttur
 - Plastkörfur **25%** afsláttur
 - Straubretti **25%** afsláttur
 - Þvottasnúrur **25%** afsláttur
 - Luktir **20%** afsláttur
 - Valdar innihurðir frá Jeld Wen **20%** afsláttur
 - Nilfisk háprýstidælur og ryksugur **20%** afsláttur
 - Henrad miðstöðvarofnar **20%** afsláttur
 - Stanley loftpressur **25%** afsláttur
 - Málning **20%** afsláttur
 - Vegg- og loftapiljur **20%** afsláttur
 - Útiarinn **25%** afsláttur
 - Örbylgjuofnar **20%** afsláttur
 - Búsáhöld **25-30%** afsláttur
 - Parket **25%** afsláttur
 - Fatnaður **15-20%** afsláttur
 - Reiðhjól **30%** afsláttur
 - Valdar vörur á lækkuðu verði:
 Frystikistur • Parket
 Blöndunartæki • Vaskar.
- ... og margt fleira!



40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40%

BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TILBOÐ

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta laga verði Húsasmiðjunnar“.
 Birt með kynningu um þrenni á milli og myndirnar eru til sýninga. Verðir getur verið misjafnt milli verslanna.



hafa verið að koma hópar af fólki með konunni sem eru hreinlega ekki styðjandi. Þetta þarf að vera á forsendum konunnar.

Konur eru kannski ekki alltaf öruggar með sig, kunna ekki við að segja nei við fólk sem vill vera viðstatt fæðinguna. En barnsfæðing er náttúrulega engin sýning. Konur þurfa stuðningsaðila sem þær sjálfar velja sér en eru ekki einhver sýningagripur að fæða barn. Það er ekki bara mjög stór lífsreynsla heldur er þetta líka bara rosaleg áskorun og þær eru viðkvæmar fyrir truflunum og allskonar þannig og þurfa bara að hafa fólk sem þær treysta algjörlega. En mér finnast þessar reglur samt lykta töluvert af stofnavæðingu, því kona getur auðveldlega valið sér 2–3 stuðningsaðila í fæðingu sem allir eru mættir með hennar þarfir í huga. Þess vegna einmitt finnast mér þessar reglur full strangar. Mér finnst mikilvægt að konan megi velja og ef hennar stuðningsaðilar eru tveir eða þrír þá er mér alveg sama.“

Má ljósmóðir vísa aðila út úr fæðingastofunni ?

„Ég hef gert það. Ef ég sé, það er náttúrulega rosalega sjaldgæft, að konan vill ekki hafa einhvern

í fæðingunni þá megum við vísa viðkomandi út.“

Hvað með erfiða lífsreynslu, t.d. þegar kona fæðir andvana barn, hvernig tekur þú á því þegar heim er komið?

„Sem betur fer kemur það sárásjaldan fyrir og ég hef í rauninni bara einu sinni tekið á móti barni sem var nógu langt gengið til að teljast andvana fætt en ekki fósturlát. En ég hef komið nálægt andvana fæðingum með öðrum hætti, og sinnt foreldrum fyrir og eftir fæðingarnar. Það er náttúrulega með því allra erfiðasta í mínu fagi og reynir mikið á persónulega, og ég verð að viðurkenna að ég hef ekki náð þeim áfanga að skilja svona reynslu eftir í vinnunni. Aftur á móti var ég að vinna töluvert á krabbameinsdeildum, með deyjandi fólki áður en ég fór í ljósmóðurfræði, og tel mig kunna að vinna í svona aðstæðum, þó þetta sé náttúrulega oftast bráðara og óvæntara dauðsfall. Missirinn er samt jafn markverður. Maður getur t.d. ekki sagt að það sé markverðara að missa barn eftir 39 vikur heldur en eftir 22 vikur, ég get ekki ákveðið hverjar tilfinningar foreldranna eru. Fjögurra eða fimm mánaða

meðganga er kannski ekki langur tíma fyrir utanaðkomandi en konan er búin að bera barnið í þessa mánuði og það er fullmótað í höfðinu á henni, hún er orðin móðir í huganum. Og það má ekki breiða yfir dauðsfallið eins

og það hafi ekki skipti máli, það þarf að vera einhver atburður sem hafði einhverja merkingu. Það tíðkaðist hér áður fyrr að konur ættu bara að gleyma því að hafa misst barn á meðgöngu, en það náttúrulega gengur ekki, það gleymist ekki.“

Að léttara umræðuefni, horfirðu á sjónvarpsþætti eins og Call the midwife eða One Born Every Minute? [Call The Midwife er breskur myndaflokkur byggður á sannsögulegum heimildum um ljósmæður og skjólstaðinga þeirra í fátækrahverfi í austurborg London í byrjun sjöunda áratugarins. One Born Every Minute eru breskir raunveruleikabættir sem gerast á fæðingardeild].

„Ég horfi stundum á Call The Midwife en ég get ekki horft á One Born Every Minute af því að það er pínulítið dramatískt og ég hef svo sterkar skoðanir og bara „af hverju gera þau ekki þetta?“ eða „það þarf ekkert að soga upp úr þessu barni!“ Og jafnvel þó þetta séu kannski raunverulegar aðstæður þá er ég ekki alltaf sammála vinnubrögðunum og ég verð alltaf svo brjáluð þegar ég horfi á þetta þannig að ég sleppi því bara.“

Hvernig er staðan á fæðingarþjónustu hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða?

„Ég er eina ljósmóðirin núna, Sigrún Rósa var að hætta, og ég fæ afleysingu aðra hvora viku yfir langa helgi og á fyrirsjáanlegum álagstímum. Það er auðvitað engin óskastaða, en stendur vonandi til bóta sem fyrst. Að minnsta kosti er hjúkrunarfræðingur héðan að hefja ljósmóðurnám í haust svo þetta mun ekki vara að eilífu og ljósmæðraskortur er ekki að fara að standa fæðingadeildinni fyrir þrífum. En ég hef áhyggjur af öðrum þáttum. Mér finnst

svo mikilvægt að konur hérna njóti fæðingþjónustu, hún er grunnheilbrigðisþjónusta og mér finnst mikilvægt að hún sé í boði um allt land, sem hún er alls ekki. Það virðist vera stefna stjórnvalda að fækka fæðingastöðum á landinu sem mest og það er búið að skera niður jafnt og þétt á undanförunum árum. Og oft er skuldinni skellt á það að það fái ekki starfsfólk og eitthvað slíkt en það er verið að klípa af hinu og þessu í smáskömmtum, þangað til að það er ekki lengur stuðningur utan um kerfið. Og þá getur maður sagt „ó, en það vill bara enginn vinna hérna.“ Og um leið og fæðingþjónustan er ekki til staðar er kostnaðinum velt yfir á fjölskyldurnar í landinu, og hann getur verið mjög hár.

Ekkert tillit er tekið til vinnu-missis konunnar eða maka og ekki er alltaf ódýrt og öruggt húsnæði í boði fyrir fjölskyldur fyrir sunnan ef biðin er löng eins og verður hjá þeim konum sem njóta ekki þjónustu ljósmóður í heimabyggð. Við búum að minnsta kosti við það að þó að þurfi oft að vísa konum héðan suður til fæðingar vegna einhverra áhættuþátta er það sjaldnast löngu fyrir fæðingu þar sem hér er töluvert þjónusta fyrir hendi. Tryggingarnar dekkja sáralítinn kostnað hjá þeim sem þurfa að ferðast um langan veg vegna fæðinga, þær greiða aðeins ferðina suður fyrir konuna fram og tilbaka, ekki fyrir maka og ekki einu sinni fyrir barnið til baka. Og þegar fólk á börn fyrir er líka verið að auka álag á þau og torvela aðlögun að breyttu fjölskyldumynstri með þessu flandri. Því þurfum við sem samfélag að standa vörð um þá þjónustu sem við höfum hér, því hún er mjög mikilvæg. Konur vilja, í yfirgnæfandi meirihluta, geta fætt hér.“



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



100%
Íslenskt
ungnautakjöt

ÍSLANDS NAUT
Ungnautahakk
Félag 12% Kórnámsvörðun

200kr
verðlækkun pr. kg

1.698
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Verð áður 1898 kr. kg



498
kr. kg

Danpo Kjúklíngur
Danskur, heill, frosinn



1kg

90g
prótein

498
kr. 1 kg

Eggjahvítur
1 kg

GOTT VERÐ Í BÓNUS



1.098
kr. pk.

Bónus Réttir
4 teg. - Verð áður 1.298 kr.



598
kr. kg

Ali Grísabógur
Ferskur

HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ
HIMNESKT
DÖKKT SÚKKULAÐI MEÐ
STÖKKRI, KAREMELLU
OG SJÁVARSAFTI?



298
kr. 100 g

Himneskt Súkkulaði
Lífrænt, 100 g, 2 teg.



395
kr. 3x250 ml

Hámark Próteindrykkur
Hunangsmelónubragð, 3x250 ml

LÁGT
VERÐ
ALLA DAGA



498
kr. 200 g

Grana Padano
Ítalskur ostur, 200 g
Verð áður 579 kr.



540 M
Í PAKKANUM

998
kr. pk.


Bónus Massi WC pappír
9 rúllur, 500 blöð á rúllu

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Verð gilda til og með 4. september eða meðan birgðir endast

Kvennareid

Hin árlega önfirskva kvennareid var haldin laugardaginn 20. ágúst síðastliðinn er 21 kona riðu um héruð. Kvennareidin er vinsæl og skemmtileg og gerðu nokkrar konur af suðurfjörðum Vestfjarða sér ferð yfir fjöllin og mættu í gleðskapinn. Deginum var lokað með góðum mat og veðrið var að venju á þessum degi, sérlega fallett.



Framlag til íslenskar gamanmyndagerðar



Á Gamanmyndahátíð Flat-eyrar sem haldin var um síðustu helgi var Ágústi Guðmundssyni leikstjóra veitt viðurkenning fyrir framlag hans til íslenskrar gamanmyndagerðar. Það var Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri sem veitti Ágústi verðlaunin í Samkomuhúsi Flateyrar en þar fór fram heimsfrumsýning á „sing along“ útgáfu myndarinnar Með allt á hreinu. Húsfyllir var á frumsýningunni og tóku gestir hraustlega undir með Stuðmönnum og Gærum og „inn út inn inn út“ hljómaði svo undir tók í fjöllunum.

Það voru þeir Eyþór Jóvins-son og Ársæll Níelsson sem stóðu fyrir hátíðinni sem hófst á fimmtudag með uppstandi Bylgju Babylons og Hugleiki Dagssyni. Á föstudegi voru sýndar 6 vestfirskar stuttmyndir og Með allt á hreinu í Samkomuhúsinu og botninn sleginn í góðan dag með dúóinu Jói á Balli á Vagninum. Á laugardaginn var hátíðin færð yfir í Tankann og stuttmyndaveisla í boði frá klukkan 11:00 til 22:30.

Í lok hátíðarinnar fengu áhorf- endur að velja myndnustu mynd hátíðarinnar og hlutskörpust



var myndin Landsliðið eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson en hún fjallar um tvö pör og sálfræðing sem skrá sig til leiks í einni virtustu snjóhöggskoppni heims, þrátt fyrir að hafa aldrei gert ísskúlpúr áður. Myndirnar Afi Mannsi og Aukaleikarar fengu jafnmörg stig og hlutu titilinn „næstum því myndnust“. Það er Jón Bjarki Hjálmarsson sem leikstýrði mynd um afa sinn

Mannsa og Emil Alfreð Emilsson gerði myndina Aukaleikarar um ömmu sína.

Það voru svo Greifarnir sem stigu í fyrsta sinn á hið víðfræga svið Vagnsins í lok hátíðar og léku undir trylltum dansi, langt fram undir morgun. Að sögn Eyþórs mættu um 300 gestir á þessu fyrstu Gamanmyndahátíð Flateyrar.



Sóknarfæri



Vestfirðingar hafa löngum búið við óviðunandi aðstöðumun þegar kemur að almannaþjónustu og mikilvægum samfélagslegum innviðum. Það hefur grafið undan byggðafestu og torveldað atvinnuuppbyggingu. Sem betur fer hafa þó ýmis mikilvæg mál þokast í rétta átt á undanföllum árum.

Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng hefjast innan tíðar og góðar horfur eru á því að vegaframkvæmdir við innanverða Barðaströnd geti hafist að nýju. Týndi áratugurinn á þeim vegakafli heyrir þá sögunni til. Þá er uppbygging fjarskiptakerfis á Vestfjörðum loksins hafin og þess að vænta innan skamms að markverðum áfanga verði náð í uppbyggingu raforkukerfisins með nýjum tengipunkti við innanvert Ísafjarðardjúp. Skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu hafa batnað og munu halda áfram að batna á næstu árum. Ekki seinna vænna.

Spennandi tækifæri hafa skotið upp kollinum síðastliðin ár á sviði ferðaþjónustu, nýsköpunar í sjávarútvegi, uppbyggingar í fiskeldi og raforkuframleiðslu en þeim fylgja líka nýjar áskoranir fyrir íbúana, fyrirtæki og sveitarfélög í fjórðungnum.

Samfélagið á að njóta afrakstursins

Tvennt skiptir höfuðmáli í opinberri stefnumörkun í þessum efnunum. Annars vegar verða lög og reglur að stuðla að því að afrakstur af aukinni verðmætasköpun í ofangreindum greinum verði eftir hjá fólki og fyrirtækjum á svæðinu sjálfu og sveitarfélög fá tekjur í samræmi við þann kostnað sem þau leggja í við uppbyggingu á ýmis konar aðstöðu. Nóg er nú um að fjármagn flæði af landsbyggðinni inn í hina miðlægu stjórnsýslu

og fjármálakerfi á höfuðborgarsvæðinu í formi skatta og vaxta.

Hins vegar verða allar ákvarðanir hins opinbera um skipulag, uppbyggingu innviða og veitingu leyfa fyrir auðlindanýtingu að vera teknar með hagsmunum íbúanna að leiðarljósi og tryggt að þeir komi sjálfir að slíkum ákvarðanatökum. Gæta verður að því að uppbygging á einu sviði ryðji ekki úr vegi tækifærum til uppbyggingar á öðrum sviðum og ekki verði gengið lengra við nýtingu náttúrugæða en nauðsynlegt og rétt þykir hverju sinni samkvæmt mati fagaðila.

Verkefnið framundan

Helsta hlutverk ríkisvaldsins er að sjá til þess að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að almannaþjónustu og að ríkið sinni uppbyggingu samfélagsinnviða á borð við samgöngur og fjarskipti þannig að allir njóti góðs af. Komandi alþingiskosningar munu öðru fremur snúast um það hvernig íbúar á landsbyggðinni geta nýtt þau sóknarfæri sem eru til staðar svo bæta megi lífskjör og treysta skilyrði fyrir frekari atvinnuuppbyggingu.

Við úrlausn þeirra áskorana og tækifæra sem framundan eru skiptir máli að kjörnir fulltrúar hafi á því skilning að það er fólk sem skapar verðmæti en hið opinbera skattleggur afraksturinn. Oftan er ekki er það svo að inngríp hins opinbera er hluti vandans en ekki lausnin. Stjórnmalamanna biðu fyrst og fremst það verkefni að forgangsraða opinberum fjármunum skynsamlega svo efla megi grunnþjónustu og ráðast í brýna uppbyggingu á innviðum í þágu allra landsmanna.

Teitur Björn Einarsson.

Höfundur er lögfræðingur og sækist eftir 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi



Allir fengu að skína á stóra deginum

Kjartan Ágúst Pálsson, kjóla-meistari og Sunneva Sigurðardóttir, hágreiðslumeistari sem eiga og reka saman Verksmiðjuna á Ísafirði gengu í hjónaband í Mýrakirkju í Dýrafirði þann 20. ágúst, á guðdómlega fallegum degi er veðurguðirnir léku við hvern sinn fingur. Það er kannski ekki fréttafæni að ungt og ástfangið fólk láti þússa sig saman, en að brúðguminn saumi fatnaðinn á alla fjölskylduna er það sannarlega. Kjartan vinnur á klæðskeraverkstæði sínu þar sem hann leggur megináherslu á að gefa notuðum fötum úr góðum efnun framhaldslif með nýjum eigendum. Hann segir það ekki í upphafi hafa verið hugmynd sína að sauma á alla fjölskylduna, sem telur fimm manns, en brúðarkjólinn hafi hann alltaf ætlað að gera. Brúðarkjólinn er hinn glæsilegasti þó því fari fjarri að hann sé hefðbundinn. Rauður og svartur síðkjóll úr Jaquard silki, með blúndu á hliðum, tekinn saman í bakkið og fóðraður með hör.

„Ég var búinn að eiga efnið í sjö ár, en ég keypti það í New York. Ég hef ábyggilega 50 sinnum ætlað að sauma eitthvað úr því en aldrei tímt því. Svo allt í einu fékk ég þá hugmynd í kollinn að gera brúðarkjólinn úr efninu.“ Segir Kjartan og beið

hann sannarlega ekki boðanna því sama kvöld sneið hann efnið í kjólinn og fékk Sunnu til að máta. Hún var þó með bundið fyrir augun þar sem hugmyndin var að hún fengi ekki að sjá kjólinn fyrr en hann yrði tilbúinn.

Kjartan og Sunna eiga saman soninn Guðmund Sævar sem er tveggja ára og fyrir átta Sunna, Stefán sem er 8 ára og Auði 7 ára. Næst ákvað Kjartan að sauma dress á Auði og fékk hún að koma á verkstæðið og velja sér efni. Fyrir valinu varð fagurlillablátt silki og var hún sem lítil álfransessa í fína kjólnum sínum. Þegar kjóllinn á Auði var kominn sagðist Kjartan hafa vitað að hann þyrfti að taka þetta alla leið og sauma á þá strákana líka. Svo þeir allir fengu síða silkijakka til að klæðast í athöfninni – en hver

fékk sitt efni. „Mér fannst það svo mikilvægt að persónuleiki hvers og eins fengi að skína.“ Segir Kjartan, en efnin, sem öll eru Jaquard silki, koma úr ýmsum áttum, sem hann hefur safnað að sér á ferðalögum sínum í gegnum tíðina.

Kjartan segir að ef hann hefði vitað hversu mikil vinna biði hans hefði hann sennilega hugsað sig um tvisvar áður en hann ákvað að sauma brúðkaupsdress á alla fjölskylduna. Kjartan nam ekki staðar við það að sauma dress á alla, heldur skipti hann um dress þrisvar á meðan á stóra deginum stóð, allt klæðskerasniðið að sjálfssögðu. Síðustu þrjár vikurnar fyrir brúðkaup voru því afar annasamar og segist hann fjölskyldunni þakklátur fyrir að undirbúa brúðkaupsveisluna í fjarveru hans. „Sunna, tengdamamma og systur hennar græjuðu þetta bara á meðan að ég saumaði.“ Hann var þó ekki einn við verkið því frænka hans Sigríður Ísold sem stundar nám í fatahönnun í Danmörku var honum til aðstoðar.

Þau Kjartan og Sunna opnuðu í vor Verksmiðjuna við Aðalstræti



Samfylkingin

Framboðsfundur

Samfylkingin í Norðvesturkjördæmi heldur fund með frambjóðendum í flokksvali flokksins sem fram fer 8.-10. september. Fundurinn fer fram í Edinborgarhúsinu sunnudaginn 4. september kl. 14. Félagsmenn og aðrir gestir eru velkomnir.

Á rétttri leið

			FYRIRBEFA	TIL SÖLU	SNJÓKOMA		KOMAST	SÁLDRI	FLYTIR					
			AFGREIDA	A	F	H	E	N	D	A				
			SPOR	F	A	R	TÍMABÍLS SAGDI	Á	R	S				
			SLEPJA	S	L	Í	M	EKKI BJARGA	E	I				
			RÍKIDREMI	A	U	Ð	Æ	F	I	SKAF				
			GJALD- MÍÐILL TÆKIFERI	K	R	HRÓSS FRÁBÆR	L	O	F	S				
			↓	K	V	A	L	A	LÍNA KÆNU	S	T	R	I	K
			PJÁNINGA	K	V	A	L	A	LÍNA KÆNU	S	T	R	I	K
			GARBI	J	A	T	A	UPPURID STEFNA	B	Ú	I	Ð	DRYKKUR	R
			FÆDDI	Ó	L	ÖN ÆTTGÓFEL	G	L	Á	P	KEYRA VÍN	A	K	A
			FARFA	L	I	LEYSIR KEPPI	E	T	E	R	ORG VAG	Ó	P	
			ÞÁTT- TAKANDI	A	Ð	I	L	I	TÓNLIST SPYRJA	R	O	K	K	SKISSA
				S	SKAPI NIÐUR- LEGJA	G	E	Ð	GRANNUR KYN- KIRTILL	M	J	Ó	R	
			HÖFDYR	A	S	N	I	SKYNJJA BEGNA	N	E	M	A	UNG- DÖMUR	I
			KRINGUM	U	M	SPIL EFNI	K	A	N	I	FUGL FOR	G	Æ	S
			ÞROT	M	Á	ÞEFA TVEIR EINS	N	A	S	A	VÖRU- MERKI ÆTID	S	S	
			YNDIS	U	N	A	Ð	S	RÝJA	T	U	S	K	A
			BLÓMI	R	A	U	Ð	A	EIN- SONGUR	A	R	Í	A	

Sudoku prautilir

					7	5		8	
9		8				4		7	
2					8	9			
	7		5		3			6	
								9	
	3		1					5	2
				4	6				
			8	9					
	1				2	3			

	2		1						
	3				6	5			
1					8		7	2	
7		4					8	5	
	8	2					6	1	
		9	8			2		3	
	5	6		4	7			9	
8		3		1					
4	7		5		9				



Efnahagsmál eru velferðarmál. Í upphafi þessa kjörtímabils var ríkissjóður verulega skuldsettur og fyrirsjáanlegur óstöðugleiki var í gengis- og peningamálum vegna þess sem kallað var snjöhengja. Það má öllum vera ljóst að niðurgreiðsla opinberra skulda er forsenda frekari uppbyggingar til lengri tíma á Íslandi. Þá er bersýnilega ósanngjarn að senda komandi kynslóðum reikning fyrir skuldum dagsins í dag. Sitjandi ríkisstjórn tók stefnumarkandi ákvörðun um að koma á efnahagslegum stöðugleika og greiða niður skuldir. Þessi ákvörðun hefur skilað eftirtektarverðum árangri og

mun halda áfram að skila árangri um ókomin ár. Stöðugleiki er ekki átaksverkefni. Stöðugleika verður viðhaldið með öguðum ríkisfjármálum og festu í framkvæmd. Í stöðugu efnahagsumhverfi sem býr við einfaldar og fyrirsjáanlegar leikreglur virkjast kraftur fólksins í landinu. Við slíkar aðstæður mun fólk og fyrirtæki í landinu alltaf standa undir verðmætasköpun fái þau til þess nægt rými.

Hlutverk hins opinbera

Það á að vera grundvallarstef í öllum störfum kjörinna fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að hagsmunir atvinnulífsins og

heimilanna fari saman, enda eru þessir hagsmunir hvor sín hliðin á sama peningnum. Það er fólkið í landinu sem skapar verðmætin – verðmætin sem standa undir grundvallarlífskjörum okkar allra, menntun og velferð. Verðmætin eru eign þess sem þau skapar, hvort sem þau kallast laun eða arður. Þótt ríkisvaldið hafi rétt til að skattleggja slíkar tekjur þá er það markmið okkar á hægri vængnum að leyfa eiganda verðmætanna að ráðstafa sem allra mest af þeim sjálfur.

Það eru ekki og verða aldrei til nægir fjármunir skattgreiðenda í öll verkefni sem landsmönnum og/eða stjórnmalámmönnum þykja mikilvæg. Mörg verkefni eru líka þess eðlis að ríkið á ekki að sinna þeim á kostnað skattgreiðenda. Það gerist alltof oft að leitað sé til ríkisins með beidnir og óskir um aukin útgjöld og fleiri verkefni sem aðrir eru fullfærir um að sinna. Hlutverk ríkisins er fyrst og fremst að tryggja öryggi borgaranna, tryggja greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu og menntakerfi óháð efnahag. Þetta, rétt eins og samgöngur og fjarskipti ber ríkisvaldinu að tryggja, en ekki endilega að reka. Þetta er viðvarandi verkefni og ætti að vera forgangsmál allra stjórnmalámmanna.

Pórdís Kolbrún Reykjar
Reykjarfjörð Gylfadóttir

Höfundur sækist eftir 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi

Auglýsingasími bb.is er 456 4560

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma

Guðrún S. Valgeirsdóttir
Sundstræti 34, Ísafirði

lést 23. ágúst s.l. á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og verður jarðsöngin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 3. september kl. 14:00.

Sesselja M. Matthíasdóttir	Kristján Hilmarrsson
Ómar H. Matthíasson	Guðný Guðmundsdóttir
Ingibjörg M. Matthíasdóttir	Jökull Jósefsson
Auður K. Matthíasdóttir	A. Ómar Ásgeirsson
Vilhjálmur V. Matthíasson	Ásdís B. Pálsdóttir
Guðmundur F. Matthíasson	Júlía M. Jónsdóttir
Kolbrún Matthíasdóttir	Erlendur H. Geirdal
Guðrún S. Matthíasdóttir	

og aðrir aðstandendur

HS HRADFRYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær uppting sjávarauðlinda



TANDUR

- þegar hreinlæti skiptir máli



Nýr sölu- og dreifingaraðili fyrir Vestfirði



Þrymur hf. - Vélsmiðja

Suðurgata 9 - Ísafjörður - Sími: 456-3711



Sjá vörulista á www.tandur.is

Mikið úrval af umhverfisvottuðum hreinlætisvörum



Hreinsiefni fyrir eldhús, vinnslur, landbúnað, taupvott, ræstingu og persónulegt hreinlæti

Burstar, sköfur, klútar, svampar, skammtarar, úðabrúsar og önnur áhöld

Hanskar, hárhlífur, andlitsgrímur, svuntur og annar hlífðarfatnaður

Gólfþvottavélar, ræstivagnar, hótelvagnar, sorpílát og moppukerfi af ýmsum toga

Sorppokar, plastpokar, haldapokar, plastfilmur, álfilmur og statíf

Handþurrkur, salernispappír, eldhúsrúllur, servíettur, skammtarar og handblásarar



ÞRYMUR HF. – Vélsmiðja

Suðurgata 9 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 3711